

## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarnefnd

**Efni:** Tillaga til velferðarnefndar - könnun í málaflokki eldri borgara

**Dags:** 18. október 2023

**Málsnúmer:** 202310508/-

**Sendandi:** Sigurbjörg Fjölfnisdóttir, Framkvæmdastjóri velferðarsviðs

---

### Tillaga:

Lagt er til að lögð verði þjónustukönnun í málaflokki eldri borgara til að kanna líðan og upplifun á þjónustu sveitarfélagsins ásamt því að afla upplýsinga um þarfir um framtíðarþjónustu.

### Greinargerð:

Á árinu 2020 var lögð fram Stefna í málefnum eldri borgara 2020-2027. Í markmiði 2 – eflandi umhverfi – er lögð áhersla á að tekið verði mið af þörfum eldri borgara í þjónustu. Ein af aðgerðum þess markmiðs er að framkvæma reglulega viðhorfskönnun um óskir 60 ára og eldri fyrir framtíðar búsetu og þjónustu.

Í upphafi árs 2022 var slík könnun framkvæmd í formi rýnihóps eldri borgara þar sem kallað var eftir upplifun þeirra af þjónustu við eldri borgara í Mosfellsbæ.

Þann 6. október sl. barst Mosfellsbæ jákvætt svar við umsókn um þátttöku í tilraunaverkefninu *Förum alla leið – samþætt þjónusta í heimahúsum* sem er samvinnuverkefni Mosfellsbæjar, Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og Eirar hjúkrunarheimilis. Eitt af markmiðum þess er að eldra fólk fái markvissa og samfellda þjónustu heim samkvæmt faglegu mati og því mikilvægt að framkvæma könnun á þjónustu við þann hóp sem nýtir heimaþjónustu og heimahjúkrun, ef það á við, áður en farið verður af stað í verkefnið.

Að síðustu ber að nefna að öldungaráð Mosfellsbæjar hefur lagt mikla áherslu á að farið verði í könnun á þjónustu við eldri borgara í Mosfellsbæ.

Er því hér með lagt til að farið verði af stað í undirbúning og gerð á könnun í málaflokki eldri borgara í Mosfellsbæ. Gert er ráð fyrir kostnaði við slíka könnun í fjárhagsáætlun ársins 2023.

*Virðingarfyllt,  
Sigurbjörg Fjölfnisdóttir*

### Fylgiskjal:

- [Tiltaka hvaða gögn fylgja tillögu]